



GARÐABÆR

Mars 2017

## **Skýrsla starfshóps um tilhögun náms fimm ára barna í grunnskólum Garðabæjar.**

### **Skipan starfshóps:**

Margrét Björk Svavarsdóttir sviðsstjóri fræðslu –og menningarsviðs

Hjördís G Ólafsdóttir leikskólastjóri Krakkakots

Anna Bjarnadóttir leikskólastjóri Bæjarbóls

Ragnhildur Gunnlaugsdóttir aðstoðarleikskólastjóri Akra

Ólöf Sigurðardóttir skólastjóri Flataskóla

Margrét Harðardóttir skólastjóri Hofsstaðaskóla

Edda Sigurðardóttir skólastjóri Sjálandsskóla

Katrín Friðriksdóttir deildarstjóri skóladeildar

Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri skóladeildar

## Efnisyfirlit

|   |   |
|---|---|
| <b>Inngangur</b> .....                                      | 3 |
| <b>Framkvæmdaáætlun starfshópsins</b> .....                 | 3 |
| <b>Samlegðaráhrif leik- og grunnskóla innra starf</b> ..... | 3 |
| <b>Skipulag m.t.t. húsnæðis og ytri þátta</b> .....         | 4 |
| <b>Gerð skólanámskrár</b> .....                             | 4 |
| <b>Stjórnun og starfsemi</b> .....                          | 4 |
| <b>Kynning á leikskóladeild og innritun</b> .....           | 4 |
| <b>Umræður</b> .....  | 4 |
| <b>Niðurstöður</b> .....                                    | 5 |

## Inngangur

Á haustmisseri var ákveðið að stofna starfshóp til að fjalla um tilhögun náms fimm ára barna í grunnskólum í Garðabæ. Ákvörðunin var tekin í framhaldi af áhuga bæjaryfirvalda á að opna fimm ára deildir innan grunnskóla sveitarfélagsins. Í starfshópinn voru skipaðir einstaklingar úr leik- og grunnskólum alls 6 manns, auk þess sátu fundina sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, deildarstjóri skóladeildar og verkefnistjóri skóladeildar. Alls var fundað 6 sinnum frá 26. október 2016 til 15. febrúar 2017. Formaður starfshópsins var Margrét Björk Svavarsdóttir sviðsstjóri fræðslu – og menningarsviðs, starfsmenn voru Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri og Katrín Friðriksdóttir deildarstjóri.

## Framkvæmdaáætlun starfshópsins

Starfsmenn starfshópsins kynntu sér nýjar rannsóknir á Norðurlöndunum um áhrif þess að börn fara yngri inn í grunnskóla og hefja nám á forsendum kennsluaðferða grunnskóla eða væru í leikskóla á forsendum kennsluaðferða leikskólans. Niðurstöður rannsókna sýndu að við upphaf skólagöngu í 6 ára bekk grunnskóla þá sýndu börn sem byrjuðu fimm ára nám á forsendum kennsluaðferða grunnskóla betri námsárangur en börn sem komu úr leikskóla. Þegar báðir hópar höfðu náð 9 ára aldri stóðu þeir jafnfætis hvað námsárangur varðar. Hins vegar höfðu börn sem komu beint úr leikskóla í grunnskóla sterkari sjálfsmynd og meiri félagsfærni, þessa hæfni nýta þau alla skólagönguna<sup>1</sup>.

Í nefndinni sat skólustjóri Flataskóla og deildi hún reynslu sinni af því að setja á fót fimm ára deild og reka hana til fjögurra ára. Skólustjórnendur grunnskóla höfðu einnig kynnt sér rekstur Krikaskóla og Ísaksskóla.

Á fyrsta fundinum var ákveðið hvaða efnisþættir skyldu teknir til umfjöllunar og voru eftirtalin atriði álitin vega þyngst þegar kæmi að undirbúningi fimm ára deildar innan grunnskóla:

- Samlegðar áhrif leik- og grunnskóla innra starf.
- Skipulag m.t.t. húsnæðis og ytri þátta.
- Gerð skólanámskrár.
- Stjórnun og starfsemi.
- Kynning á leikskóladeild og innritun.

Við gerð skýrslunnar var lögð áhersla á að hún yrði sett fram í stuttu máli þar sem dregnir væru fram styrk- og veikleikar þeirra atriða sem tekin voru til umræðu og niðurstöður settar fram.

## Samlegðaráhrif leik- og grunnskóla innra starf

**Styrkleikar:** Aukið samstarf milli skólastiga og fjölbreyttari kennsluaðferðir sem styðja nýjar hugmyndir og frekari skólaþróun. Góð aðlögun fyrir börn að byrja í grunnskólanum í fimm ára deild. Fjölbreyttara námsumhverfi þar sem nemendur hafa aðgang að list- og verkgreinastofum.

**Veikleikar:** Hætta á að grunnskólinn taki yfir hugmyndafræði leikskólans og lögð verði áhersla á

---

<sup>1</sup> Klitmøller, J., Sommer, D. (2015). *Læring, Dannelse og Utvikling. Kvalifisering for fremtiden i barnahage og skole*. Pedagogisk Forum.

skipulagt nám frekar en leikinn sem námsleið. Starfsumhverfi leik- og grunnskólakennara ólíkt þar sem leikskólinn er opinn allt árið og leikskólakennarinn hefur viðveru með börnunum allan daginn. Líklegt er að börn í fimm ára deild fái ekki sama aðgang að listgreinastofum þar sem eldri grunnskólabörn myndu ganga fyrir sökum þessa að þeirra nám er skyldunám.

### Skipulag m.t.t. húsnæðis og ytri þátta

**Styrkleikar:** Húsnæði grunnskóla almennt fellur ágætlega að þörfum fimm ára barna en huga þarf að því að skólalóðin sé örugg. Innandyra þarf að skipuleggja námsumhverfið með tilliti til húsnæðis, húsbúnaðar og kennsluaðferða leikskóla sem miðast við aðra notkun á rými.

**Veikleikar:** Gera þarf ráð fyrir öðruvísi notkun á bílastæðum þar sem foreldrar fylgja börnum inn í leikskóladeildina.

### Gerð skólanámskrár

**Styrkleikar:** Það er grundvallaratrið að búið sé að vinna skólanámskrá fyrir fimm ára deildina þegar hún er opnuð. Stjórnandi deildarinnar/ leikskólakennarar leiða vinnuna við gerð skólanámskrár en allt starfsfólk deildarinnar þarf að hafa aðkomu að henni.

**Veikleikar:** Vinna þarf skólanámskrána áður en deildin er opnuð því mun erfiðara er að finna svigrum til að vinna hana eftir á.

### Stjórnun og starfsemi

**Styrkleikar:** Stjórnandi leikskóladeildarinnar þarf að vera hluti af stjórnunarteymi grunnskólans og vinna í nánú samstarfi við yngsta stigið. Leggja skal áherslu á að leikskólakennarar starfi við leikskóladeildir í grunnskólum. Með þekkingu á rekstrarformi leikskólans og skýru verklagi milli skólastjóra og stjórnanda deildarinnar næst fram skilvirt rekstrarfyrirkomulag.

**Veikleikar:** Ólíkir kjarasamningar leik- og grunnskóla orsaka ákveðið flækjustig við útfærslu á samnýtingu kennara, undirbúningstímum og veikindaafleysingu. Viðverutími kennara með börnum er annar á þessum skólastigum og á sumaropnun á leikskóladeildinni.

### Kynning á leikskóladeild og innritun

**Styrkleikar:** Kynna leikskóladeildir um leið og önnur starfsemi grunnskóla er kynnt, leikskólar upplýsi foreldra einnig um hvernig námi fimm ára barna er háttað í leikskólum. Skýrar innritunarreglur.

**Veikleikar:** Skiptar skoðanir um hvernig skuli innritað í deildina, hluti hópsins taldi að miðað skyldi við umsóknardag aðrir við kennitölu eins og gert er í leikskólum Garðabæjar. Þar sem ekki er hægt að bjóða nema hluta fimm ára barna pláss í leikskóladeild er ekki um raunverulegt val að ræða.

### Umræður

Fram komu spurningar um af hverju væri verið að opna fimm ára deildar í grunnskólum þegar gott starf væri unnið í leikskólum. Rætt var um að þegar foreldrar tækju ákvörðun um val milli leikskóla og fimm ára deilda í grunnskóla þyrfti að koma fram um hvað hið raunverulega val stæði. Einnig komu fram ábendingar um frelsi fimm ára barna til að leika sér myndi hugsanlega minnka þar sem umhverfið yrði stýrðara og í anda formlegra kennsluaðferða.

Lögð var áhersla á að ekki mætti skapa togstreitu milli leik- og grunnskóla um að eitt skólastig væri öðru fremra heldur hefðu foreldrar val sem byggðist á þeirra ígrundun um tvo frambærilega kosti. Stærsta áskorunin er að móta vinnufyrirkomulag og jákvætt starfsumhverfi þar sem leik- og grunnskólakennarar geta unnið saman að kennslu og uppeldi barna.

## Niðurstöður

Ávallt var lagt upp með að fimm ára deildir innan grunnskóla störfuðu samkvæmt hugmyndafræði leikskólans enda fellur þessi aldur undir lög um leikskóla. Lögð var áhersla á að þeir sem stýrðu starfinu hefðu leikskólakennaramenntun og væru hluti af stjórnunarteymi skólans. Skipuleggja þarf námsumhverfið utan og innan grunnskóla til að það falli að þörfum fimm ára barna. Vinna þarf skólanámskrá fyrir fimm ára deildina áður en hún tekur til starfa svo námsáherslur séu skýrar, starfið þarf að skipuleggja með þeim hætti að fimm ára börnin hafi aðgang að listgreinastofum til jafns við aðra nemendur grunnskólans. Innritunarreglur þurfa að vera skýrar. Skipuleggja þarf allt starfið sem heild þannig að fimm ára deildir verði hluti af heildarskipulagi grunnskólans bæði hvað varðar skipulag kennslu og námsumhverfið. Móta þarf starfsumhverfið með þeim hætti að leik- og grunnskólakennarar hafi jafna aðstöðu til vinna að skipulagi kennslunnar og samnýta þekkingu beggja skólastiga.